

# Vötnin sunnan Tungnaár - Framvötnin -

- Vatnaklasi sunnan Tungnaár
- 15 stöðuvötn
- Stangveiði seld í 13 vatnanna - öll yfir 500 m.y.s.
- 14 vatnið bættist við árið 2019 – Sauðafellsvatn (stendur lægra – 324 m.y.s)
- Friðland að Fjallabaki – friðlýst 1979
  - Ákveðnar reglur um umgengni til að hindra spjöll á náttúru
  - Eldfjallaaska og viðkvæmur gróður



# Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar

- Hófust árið 2017 – ráðgert að fara í flest vatnanna á næstu árum
- Rannsóknir hafa verið gerðar á 7 vötnum til þessa
- Frostastaðavatn (b+u), Eskihlíðarvatn (b), Löðmundarvatn (b+u), Herbjarnarfellsvatn (u), Lifrarfjallavatn (u), Dómadalsvatn (u) og tvisvar í Sauðafellsvatn (u) 2018 og 2020
- Markmiðið er að afla upplýsinga um fiskstofna vatnanna
  - Rannsóknaveiði með netaseríum, með mismunandi möskvastærð
  - Punktmælingar á vatnshita, leiðni og sýrustigi
  - Koma á áreiðanlegri veiðiskráningu – rafræn veiðiskráning: 2019, 2020
  - Taka saman eldri upplýsingar um fiskrækt og veiðinýtingu

**Á næstu glærum er að finna upplýsingar um skráðar stangveiðinytjar úr nokkrum vatnanna 2010 – 2020, ásamt punktum úr rannsóknarferðum**

# Dómadalsvatn



Stærð: 17 ha

Hæð yfir sjávarmáli: 569m

Fisktegundir: Urriði

Skráð stangveiði:

Vatnið er frjósamt og mikið af fiski í vatninu um þessar mundir skv. rannsóknum. Stærstu fiskar á milli 2 – 3 pund og all nokkuð af smærri urriða í góðum vexti.



Fjöldi í rannsóknaveiði 2020: 17,7 urriðar/lögn\*

Afli í rannsóknaveiði 2020: 5,9 kg/lögn

Mikið af urriða í vatninu.

Þokkalegur vöxtur (sjá mynd). Flestir fiskar af náttúrulegum uppruna (svartir þríhyrningar) en hluti fjögurra ára urriða af sleppiuppruna (rauðir hringir). Fæða fiska: Mjög fjölbreytt, alls greindust 11 fæðugerðir. Mest bar á rykmýslirfum, svifkröbbum og flugum. Aðrar fæðugerðir: vatnabobbar, botnkrabbar (vatnaflær), skötuormar og vorflugulirfur.

Dæmi um að 5 punda urriðar veiðist í stangveiði.

\* 1 lögn = 1 net sem lagt er yfir nótt

# Löðmundarvatn

Stærð: 86 ha


Hæð yfir sjávarmáli: 590m

Fisktegundir: Bleikja og urriði

## Skráð stangveiði:


Farið var í rannsóknarveiði sumarið 2018 sem gaf mikinn fjölda bleikja en engan urriða.

Átak til fækkunar bleikju stendur yfir í vatninu.



**Fjöldi í rannsóknaveiði 2018: 32,9 bleikjur/lögn**

**Afli í rannsóknaveiði 2018: 4,5 kg/lögn**



Mikið af bleikju í vatninu og er fremur þétt á fiski. Lítið verður vart við urriða í veiðinni en hann er þó til staðar. Í rannsókn árið 2018 kom fram að stærstu bleikjur náðu 35 cm lengd og rúmlega helmingur bleikja var kynþroska við 5 ára aldur (punktalína á mynd fyrir ofan).

Alls greindust fimm fæðugerðir í rannsókninni 2018; aðalfæðan var svifkrabbar og aðrar fæðugerðir voru; efjuskeljar (pisidium), lirfur og púpur rykmýsins og flugur.

Í stangveiði hafa fengist 5 punda bleikjur en flestar mun smærri.


# Frostastaðavatn

Stærð: 258 ha

Hæð yfir sjávarmáli: 571m

Fisktegundir: Bleikja og urriði

## Skráð stangveiði:





**Fjöldi í rannsóknaveiði 2017: 40,4 bleikjur/lögn**

**Afli í rannsóknaveiði 2017: 4,0 kg/lögn**

Farið var í rannsóknarveiði sumarið 2017 sem gaf mikinn fjölda bleikja en engan urriða.

Mikið af smárri bleikju í vatninu.



Um þessar mundir er mjög mikið af bleikju í vatninu og vegna þess hversu þétt er á fiski og mikil samkeppni um fæðulindir, vex hann hægt og bleikjur verða kynþroska ungar (100% kynþroski við 4 ára aldur – sjá punktalínu á mynd). Í rannsókninni veiddust engir urriðar, en nokkrir slíkir veiðast þó á hverju ári. Alls greindust níu fæðugerðir í rannsókninni og var aðalfæðan botn- og svifkrabbar.

Stærstu bleikjur sem veiðst hafa á síðustu árum voru 5 pund en á fyrri árum urðu þær allt að 9 pund.

# Eskihlíðarvatn

Stærð: 130 ha


Hæð yfir sjávarmáli: 527m

Fisktegundir: Bleikja

## Skráð stangveiði:

Farið var í rannsóknarveiði sumarið 2017 sem gaf mikinn fjölda bleikja en engan urriða.



Mikið af smárri bleikju í vatninu og mikil samkeppni um aðgengilega fæðu. Stærstu bleikjur í stangveiði 1 pund.



Fjöldi í rannsóknaveiði 2017: 23,9 bleikjur/lögn

Afli í rannsóknaveiði 2017: 2,8 kg/lögn

Bleikjurnar verða kynþroska fremur ungar (100% kynþroski við 6 ára aldur). Sex fæðugerðir greindust í rannsókn 2017, þar sem aðalfæða var svifkrabbar og flugur. Aðrar fæðugerðir voru; lirfur og púpur rykmýsins, efjuskeljar og vottur af vorflugulirfum.



# Herbjarnarfellsvatn


Stærð: 54 ha

Hæð yfir sjávarmáli: 623m

Fisktegundir: Urriði

## Skráð stangveiði:

Farið var í rannsóknarveiði sumarið 2019 sem gaf allnokkuð af urriða, sem flestir voru af sleppiuppruna en náttúrulegir urriðar inn á milli.




**Fjöldi í rannsóknaveiði 2019: 13,9 urriðar/lögn**

**Afli í rannsóknarveiði 2019: 3,4 kg/lögn**

Flestir urriðar sem veiddust í rannsókninni 2019 voru 100 – 400g að þyngd og 3 – 5 ára. Holdafar þeirra var ágætt og ættu þeir að koma inn í veiðina árið 2021 og síðar.

Í stangveiði hafa veiðst allt að 3 punda urriðar í vatninu.



Myndin sýnir lengdardreifingu urriðans sem aflaðist í rannsókninni. Einnig er gefinn upp aldur urriðanna (3 – 11 ára urriðar veiddust).

# Lifrarfjallavatn


Stærð: 52 ha

Hæð yfir sjávarmáli: 593m

Fisktegundir: Urriði


## Skráð stangveiði:

Vatnið er mikil náttúruperla og í því lifir urriði. Rannsóknarveiði sumarið 2019 gaf 3,1 urriða/lögn. Það finnst náttúruleg nýliðun í vatninu en urriðaseiðum sleppt síðast árið 2009.



**Fjöldi í rannsóknarveiði 2019: 3,1 urriðar/lögn**

**Afli í rannsóknarveiði 2019: 2,4 kg/lögn**



Lítið hefur verið veitt í Lifrarfjallavatni á síðustu árum.

Ástæðan er líklega sú að aðgengi er erfitt. Hins vegar er það mikil upplifun að heimsækja vatnið og njóta einstakrar náttúru þess. Búast má við því að veiða 2 – 3 punda urriða í vatninu og þeir stærstu allt að 5 pund.

Fæða var skoðuð hjá þeim 31 urriða sem veiddist í rannsókninni 2019 og fundust fimm fæðugerðir, þar sem skötuormar voru aðalfæðan. Einnig fundust vatnabobbar, efjuskeljar, rykmýslirfur og vorflugulirfur í fæðunni.




# Ljótipollur

Stærð: 40 ha


Hæð yfir sjávarmáli: 568m

Fisktegundir: Urriði

## Skráð stangveiði:



Vatnið er gígvatn og syðsti hluti Veiðivatnagosreinar, það myndaðist í Veiðivatnagosinu árið 1477. Eitt af þekktustu urriðavötnum Framvatna. Gott veiðivatn og sterkur urriðastofn. Árlega veiðast margir urriðar allt að 4 pund og þeir stærstu 6 pund.



Á myndinni til hægri má sjá skjáskot af Skrínunni - veiðidagbók. Á heimasíðu Hafrannsóknastofnunnar er hægt að skoða veiðitölur úr vötnunum sunnan Tungnaár.